



FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 22. apríl 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála og Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi sveitarfélagsins sátu fundinn undir 1. dagskrárlið með notkun fjarfundarbúnaðar.

Fundir sveitarstjórnar eru opnir og var Ragnheiður Erla Stefánsdóttir viðstödd fundinn.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2025 – fyrri umræða

Fyrir fundinum lá ársreikningur sveitarfélagsins 2025 til fyrri umræðu. Davíð Búi Halldórsson endurskoðandi kynnti endurskoðun á ársreikningi bæði í A-hluta og samstæðu sveitarfélagsins og fór yfir helstu niðurstöður og lykiltölur. Oddviti bar upp til atkvæðagreiðslu að vísa ársreikningi til annarrar umræðu og var það samþykkt samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir þau málefni sem unnið hefur verið að á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Barnaból – beiðni um stuðningsþörf

Fyrir fundinum lá beiðni frá Lilju Guðlaugu Ingólfssdóttur leikskólastjóra Barnabóls þar sem tilgreind er metin stuðningsþörf vegna næsta skólaárs. Óskað er eftir tveimur stöðugildum vegna stuðnings sem er óbreytt þörf á milli tímabila. Var beiðnin samþykkt eins og hún var lögð fyrir.

4. Íþróttahús - Breyting á starfsleyfi

Sveitarstjóri upplýsti um stöðu á umsókn um breytingu á starfsleyfi sem liggur fyrir hjá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra. Breytingin á leyfinu miðar að því að hægt verði að hafa ómannaða opnun í líkamsræktarstöð sveitarfélagsins utan hefðbundins opnunartíma. Beiðni er umsagnar og afgreiðslu frá HNV. Var málið lagt fram til kynningar.

5. Reglur um stuðning sveitarfélagsins vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga 2026

Fyrir fundinum lágu drög að reglum um stuðning sveitarfélagsins vegna framboða til sveitarstjórnarkosninga 2026 sem birtar voru á heimasíðu sveitarfélagsins þann 13. apríl sl. Lögð var til ein breyting á birtum reglum en í 6. gr. er varðar endurgjaldslaus afnot af húsnæði sveitarfélagsins var lagt til að hverju framboði yrði heimill aðgangur án endurgjalds fyrir þrjá fundi í stað eins fundar eins og fram kom í birtum reglum. Voru reglurnar ásamt breytingartillögum bornar upp til samþykktar. Voru þær samþykktar samhljóða með fimm greiddum atkvæðum.



6. Bréf

a. Umboðsmaður barna dags. 13. apríl 2025

Efni: Sveitarstjórnarkosningar 2026 og lýðræðisleg þátttaka barna

Með erindinu hvetur Umboðsmaður barna sveitarstjórn til að koma á umræðufundi með fulltrúum framboða og nemendum grunnskóla í sveitarfélaginu fyrir komandi sveitarstjórnarkosningar. Slíkur fundur myndi gefa börnunum tækifæri til þess að kynna sér þau málefni sem framboðin standa fyrir og spyrja spurninga um það sem skiptir þau máli. Með því er hægt að efla þátttöku barna í lýðræðislegri umræðu innan sveitarfélagsins. Jafnframt hvetur umboðsmaður barna sveitarstjórnir og ungmennaráð sveitarfélaga til þess að standa fyrir krakkakosningum í sínu sveitarfélagi í samstarfi við nemendaráð og grunnskóla sveitarfélagsins. Umboðsmaður barna óskar eftir að fá upplýsingar um það hvort og með hvaða hætti sveitarfélagið muni bregðast við þessari hvatningu.

Var Péturínu Laufeyju Jakobsdóttur falið að vinna málið áfram með skólastjóra Höfðaskóla.

b. EBÍ dags. 31. apríl

Efni: Styrkur vegna útilistaverks

Með erindinu er tilkynnt um styrk frá Eignarhaldsfélaginu Brunabótafélagi Íslands vegna útilistaverks en styrkurinn nemur 400.000 kr. Búið er að auglýsa eftir listamönnum til að taka þátt í verkefninu og mun sveitarstjórn velja úr þeim tillögum sem berast. Var erindið lagt fram til kynningar.

7. Fundargerðir:

a) *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 10. mars 2026*

Lögð fram til kynningar.

b) *Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 20. mars 2026*

Lögð fram til kynningar.

c) *Stjórnar SSNV dags. 24. mars 2026*

Lögð fram til kynningar.

d) *Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 17. mars 2026*

Lögð fram til kynningar.

e) *Stjórnar Norðurár dags. 23. mars 2026*

Lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál

Ekkert var bókað undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:39

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Haldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir